

Frá ritstjóra



Sigrún Júlúsdóttir,
PhD, professor við
félagsráðgjafar-
deild HI

Það er ánaegjulegt að fylgja þessu hefti úr hlaði. Þetta er níundi árgangur *Tímarits félagsráðgjafa* og sá síðasti í sex ára ritstjóratíð minni. Á þeim árum hafa ýmsar línur sem lagðar voru í upphafi náð að festa sig í sessi og annað að þróast. Þar má nefna nýtt útlit og umbrot með skýrum mörkum um innihald, ekki síst að greiningu almennra og ritrýndra frædigreina og annars efnis. Í þessu hefti eru átta greinar. Að jafnaði hafa greinar verið sex talsins en árið 2012 voru þær þó sjö. Þá voru hlutföllin milli almennra og ritrýndra greina öfug við það sem er í þessu hefti, tvær almennar en sex ritrýndar. Sterkur þráður í heftinu er *ungt folk, námsferill þess og tengsl við vinnumarkað*. Þar vega þungt afurðir þriggja doktorsritgerða frá Háskóla Íslands á liðnu ári, þar á meðal fyrsta doktorsritgerðin frá Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Þessi fjöldi ritrýndra greina er í samræmi við þá stefnu okkar að tímaritið sé vettvangur fyrir vísindagreinar öðru fremur. Að birta sex ritrýndar greinar er þó á mörkum þess sem ritstjórn ræður við í sjálfböðastarfi. Sú stefna að hafa tvöfalda nafnleynd og two nafnlausa ritrýna með þekkingu á efnissviði hverrar greinar útheimtir ekki aðeins mikla vinnu heldur mikið leitarstarf, fagsiðfræðilega nákvæmni og alþó.

Við höfum lengi unnið að því, og sjáum nú til lands með að skipa *Tímariti félagsráðgjafa* sess meðal virtra fag- og fræðitímarita í íslensku samfélagi. Það á bæði við um útlit, efni og skipulegt ritrýniferli, en auk þess er það vandasamt vinnu- og samskiptaferli að hafna greinum eftir að þær hafa verið ritrýndar. Aukin heldur á þetta við um ákveðið tekniferli sem miðar að því að

tryggja heftinu röðun í viðurkennda gagnagrunna og ljá því rafræna birtingu. Ritstjórn hefur markað veginn og leitt framvinduna, en allri þessari vinnu hefur verið sinnt í lipri og frjórri samvinnu við ritstjórnarfulltrúa og formann Félagsráðgjafafélags Íslands.

Þá er ónefnd sú nýjung að alþjóðlega viðurkenndur fræðimaður í félagsráðgjöf ritar pistil *gestaritsjóra*. Það er dr. Bruce Thyer, klíniskur félagsráðgjafi og professor við College of Social Work, Florida State University. Hann er mörgum félagsráðgjöfum kunnur sem ritstjóri *Research on Social Work Practice* og áhrifamikill fyrirlesari á alþjóðlegum þingum og ráðstefnum félagsráðgjafa. Boðskapur hans er sá sami og tímarits okkar. Hér leggur hann út af því að það sé í náminu sem grunnur er lagður að vísindalegri hugsun og rannsóknatengingu í faglegu starfi félagsráðgjafa. Þá er vert að minna á að skjólstæðingar í nútímasamfélagi hafa aðgang að og tileinka sér þekkingu um það sem best er vitað út frá nýjustu rannsóknarniðurstöðum, um löggjöf og lýðræðislegan rétt. Þannig er knýjandi að gagnreynnd þekking verði miðlæg og um leið faglegt afl í daglegum störfum félagsráðgjafa. Með því móti verðum við betur í stakk búin til að *mæta skjólstæðingnum þar sem hann er* – ekki aðeins sem einstaklingi heldur líka sem samfélagsveru. Af því sem miðlað er í þessu hefti *Tímarits félagsráðgjafa* má skilja að rannsóknatenging er *taki* til að stuðla að breytingum, efla fagið og vera samstiga skjólstæðingum um leið og glóð fagmannsins er halddið lifandi.

Með þessum orðum rétti ég nú keflið til nýs ritstjóra *Tímarits félagsráðgjafa* með óskum um gróska og velfarnað þess á komandi árum.

Sigrún Júlúsdóttir, ritstjóri